# Fimmtudagur 5. október



## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Upp úr hjólförunum. Íslensk mynd sem fjallar um hvernig stúlkur og drengir eru mótuð inn í hefðbundin hlutverk kynjanna. Myndin var áður á dagskrá Sjónvarpsins 11. september sl. 2. Umræðan. Umræðuþáttur í umsjón Sigrúnar Stefánsdóttur um mótun kynjanna.
17.50 **Sögur uxans.** (Ox Tales). Hollenskur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Ingi Karl Jóhannesson. Leikraddir Magnús Ólafsson.
18.20 **Villi spæta og vinir hans.** Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Gönguleiðir.** Stapi/Hellnar. Leiðsögumaður Kristinn Kristjánsson. Umsjón Jón Gunnar Grjetarsson.
21.00 **Heitar nætur** (In the Heat of the Night). Bandarískur myndaflokkur með Carroll O'Connor og Howard Rollins í aðalhlutverkum. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
21.50 **Íþróttir.** Fjallað um helstu íþróttaviðburði hérlendis og erlendis.
22.25 **Skipamyndir** (Skutebilder – en verdefull kulturarv). Fjallað um málara um víða veröld sem fást við að mála myndir af skipum. Þýðandi Jón O. Edwald. (Nordvision – Norska sjónvarpið).
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.35 **Með afa** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Stálriddarar.** Steel Riders. Þriðji þáttur.
18.20 **Dægradvöl.** ABC's World Sportsman. Þáttaröð um þekkt fólk með spennandi áhugamál.
19.19 **19:19.** Fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Áfangar.** Stöng og þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal. Árið 1939 fóru fram einhverjar viðamestu fornleifarannsóknir sem um getur hér á landi. Þá voru grafnir upp nokkrir bæir í Þjórsárdal sem fóru undir gjall og ösku í Heklugosinu mikla árið 1104.
20.45 **Njósnaför** Wish Me Luck. Spennandi breskur framhaldsþáttur í átta hlutum. Þriðji þáttur. Aðalhlutverk: Kate Buffery og Suzanna Hamilton. Leikstjóri: Gordon Flemyng.
21.40 **Kynin kljást.** Þetta er nýr og nýstárlegur getraunaþáttur enda gengur leikurinn út á það að konur keppa við karla og karlar keppa við konur. Umsjón Bessi Bjarnason og Bryndís Schram.
22.10 **Harður heimur** Medium Cool Myndin gerist á síðari hluta sjöunda áratugarins og fjallar um tvo félaga sem starfa sem fréttamenn. Annar er kvikmyndatökumaður en hinn hljóðmaður. Þeir afla frétta eins og gengur af slysum, eldsvoðum og öðrum daglegum viðburðum. Aðalhlutverk: Robert Forster, Verna Bloom, Peter Bonerz og Marianna Hill. Leikstjóri: Haskell Wexler.
0.00 **Dreginn á tálar.** Betrayed by Innocence. Mynd um hjón sem vinna bæði mikið og gefa sér ekki tíma til að hlúa að ástinni í hjónabandinu. Inn í líf þeirra kemur unglingsstúlka sem táldregur eiginmanninn. Aðalhlutverk: Barry Bostwick, Lee Purcell, Cristen Kauffman.
1.35 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Sigurður Helgi Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Randver Þorlákssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.03 **Neytendapunktar.** Hollráð til kaupenda vöru og þjónustu og baráttan við kerfið. Umsjón: Björn S. Lárusson. (Einnig útvarpað kl. 15.45.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá fimmtudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Atvinnusjúkdómar. Umsjón: Sverrir Guðjónsson.
13.30 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir les þýðingu sína (13).
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Miðdegislögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Skáldið Ólafur Davíðsson.** Umsjón: Þorsteinn Antonsson. Lesarar: Elva Ósk Ólafsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir og Þorsteinn Á. Magnússon. (Endurtekinn þáttur frá síðasta fimmtudegi.)
15.45 **Neytendapunktar.** Umsjón: Björn S. Lárusson. (Endurtekinn þáttur frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Bók vikunnar: Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Dohnányi og Smetana.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Lítil saga um litla kisu eftir Loft Guðmundsson. Sigrún Björnsdóttir les (4).
20.15 **Teresa Berganza syngur lög eftir Gerónimo Giménez.**
20.30 **Frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói –** Fyrri hluti. Stjórnandi: Petri Sakari. Einleikari: Ralf Gothoni, píanó.
21.30 **Ljóðaþáttur.** Umsjón: Njörður P. Njarðvík.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Gloppótt ritskoðun á verkum Henry Millers.** Umsjón: Gísli Þór Gunnarsson. Lesarar: Sigrún Waage og Valgeir Skagfjörð. (Einnig útvarpað daginn eftir klukkan 15.03.)
23.10 **Frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands** – Síðari hluti.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



## RÁS 2
FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55. (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03 og gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum. Milli mála. Árni Magnússon leikur nýju lögin.
15.03 **Stóra spurningin.** Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarmeinhornið:** Óðurinn til gremjunnar. Þjóðin kvartar og kveinar yfir öllu því sem aflaga fer.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 1.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins:** Aldrei að víkja, framhaldsleikrit eftir Andrés Indriðason. Leikstjóri: Brynja Benediktsdóttir. Leikendur: Þröstur Leó Gunnarsson, Grétar Skúlason, María Ellingsen, Sigrún Waage, Halldór Björnsson, Örn Árnason, Þórunn Magnea Magnúsdóttir, Þórdís Arnljótsdóttir og Róbert Arnfinnsson. (Endurtekinn þriðji þáttur frá þriðjudagskvöldi.) Einnig verða fréttir frá félagsmiðstöðvum í Reykjavík og leikin óskalög. Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir.
22.07 **Rokksmiðjan.** Sigurður Sverrisson. (Úrvali útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Sykurmolarnir og tónlist þeirra.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil Molanna og spjallar við þá. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi á Rás 2.)
3.00 **Næturnótur.**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi fimmtudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á Rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Í fjósinu.** Bandarískir sveitasöngvar.
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.



## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson** Palli fer á fætur við fyrsta hanagal. Gluggað í blöðin og þægileg tónlist á leið til vinnu. Fréttamenn alltaf á vakt.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Frísk stelpa mætt með allar bestu ballöður seinni ára á vaktina. Síminn hjá Valdísi er 61-11-11.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Besti tónlistarkokkteillinn sem völ er á. Óskalagasíminn er **61-11-11.**
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Rétta tónlistin yfir kvöldmatnum.
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Strákurinn er í stöðugu sambandi við íþróttadeildina þegar við á.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

## STJARNAN

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **MR.**
18.00 **IR.**
20.00 **FÁ.**
22.00 **FG.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP
FM 106,8

9.00 **Rótartónar**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Laust.**
14.30 **Elds er þörf.** E.
15.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Svart bít.**
21.00 **Úr takti.** Tónlistarþáttur með Hafliða Skúlasyni og Arnari Gunnari Hjálmtýssyni.
22.00 **Tvífarinn.** Tónlistarþáttur í umsjá Ásvalds Kristjánssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**



## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.**
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Beyond 2000.** Nýjasta tækni og vísindi.
19.00 **Moonlighting.** Framhaldssería.
20.00 **Wiseguy.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **The Incredible Mr. Limpet.**
15.00 **Capricorn's Are Beautiful People.**
17.00 **Kidco.**
19.00 **Ruthless People.**
21.00 **Death Wish 3.**
22.45 **Crazy Mama.** 24.00 **Beat Street.**
01.45 **The Making of Buster.**
03.00 **Enemy Mine.**

## EUROSPORT

9.00 **Rugby.** Landsleikur, Frakkland – Stóra-Bretland.
11.00 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
11.30 **Róður.** Keppni á kanóum og kajökum.
12.00 **Hnefaleikar.** Keppni í Moskvu.
13.00 **Nútímafimleikar.** Heimsmeistarakeppni frá Sarajevo, Júgóslavíu.
14.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
15.00 **Trampólín.** Evrópukeppni sem fram fer í Kaupmannahöfn.
16.00 **Tennis.** Unglingakeppni í Tékkóslóvakíu.
17.00 **Nútímafimleikar.** Heimsmeistarakeppni frá Sarajevo, Júgóslavíu.
18.00 **Motor Mobil Sport News.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
18.30 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
19.00 **Golf. World Matchplay.**
21.00 **Körfubolti.** Leikir í Evrópu.
22.00 **Ástralski fótboltinn.**

## SUPER CHANNEL

14.30 **The Rock of Europe.** Poppþáttur.
15.30 **On the Air.** Poppþáttur.
17.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
18.30 **Time Warp.** Vísindaskáldskapur.
19.00 **Beat the Devil.** Kvikmynd.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.10 **Gold,** Kvikmynd.
23.30 **Fréttir, veður og popptónlist.**
22.40 **Look Out Europe.**
23.10 **Poppþættir.**



**Bryndís Schram og Bessi Bjarnason stjórna getraunaleiknum Kynin kljást.**

### Stöð 2 kl. 21.40:

# Kynin kljást

Í fyrra var Stöð 2 með spurningaleiki á kvölddagskrá sinni og verður haldið áfram með slíka þætti í vetur. Ómar Ragnarsson mun stjórna spurningaþætti úti á landsbyggðinni og í höfuðborginni verða þau Bryndís Schram og Bessi Bjarnason með þátt sem nefnist Kynin kljást. Fyrsti þátturinn var á fimmtudagskvöldið og fengu þá áhorfendur smjörþefinn af því sem koma skal.

Gengur leikurinn út á að konur keppa við karla og öfugt og eru vinningar glæsilegir. Dómari í spurningaleiknum er Magnús Axelsson.

### Rás 1 kl. 20.30:

# Tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar

Sinfóníuhljómsveit Íslands mun á tónleikum sínum í vetur flytja mörg tónaljóða finnska tónskáldsins Jean Sibeliusar. Í kvöld hefjast tónleikarnir á þekktustu tónsmíð hans á þessum vettvangi, tónaljóðinu Finlandia, sem er óður hans til ættjarðarinnar frá þeim tíma þegar hart var barist fyrir sjálfstæði landsins. Þetta verk má einnig telja vinsælasta verk tónskáldsins og það sem oftast heyrist, hvort sem er í útvarpi eða á tónleikum víða um heim.

Þá leikur hljómsveitin ásamt einleikara píanókonsert Benjamins Brittens op. 13 sem er eini konsert hans fyrir píanó.

Einleikari á tónleikunum er finnski píanóleikarinn Ralf Gothoni sem er fæddur 1946 og þykir með bestu píanóleikurum Finna. Tónleikunum lýkur með þremur lögum eftir Claude Debussy, eins konar lagaflokki sem kallast La Mar eða Hafið.

Stjórnandi á tónleikunum er aðalstjórnandi hljómsveitarinnar, Finninn ungi, Petri Sakari.




**Herlögregla stillir til friðar þegar kemur til uppþots fyrir framan þar sem demókratar þinga.**

### Stöð 2 kl. 22.10:

# Harður heimur

Harður heimur (Medium Cool) er mjög áhrifamikil kvikmynd sem látin er gerast í Chicago 1968. Hún fjallar um sjónvarpsfréttamenn sem eru stanslaust á ferðinni í leit að fréttum og eru nánast orðnir tilfinningalausir gagnvart mannlegum þjáningum.

Mikið hefur verið skrifað um Medium Cool sem vakti mikla og verðskuldaða athygli þegar hún var gerð. Leikstjóri er Heskell Wexler sem um margra ára skeið hefur verið einn eftirsóttasti kvikmyndatökumaður í heiminum. Ekki hefur hann leikstýrt mörgum myndum en þær fáu myndir hafa allar verið mjög pólitískar og þykir Medium Cool best þeirra.

Til að gefa sanna mynd af þeirri veröld sem sjónvarpstökumenn lifa í lét hann leikara og tæknimenn fylgjast með þingi demókrata í Chicago og lét þá mynda atburði innan sem og utan við staðinn þar sem þingið var á. En þar varð einmitt sögufrægt uppþot. Náði hann mörgum eftirminnilegum atburðum á filmu sem svo er skeytt við leiknu atriðin.

Haskell Wexler skrifaði handritið að myndinni, leikstýrði og stjórnaði kvikmyndatökunni. Aðalhlutverkin eru í höndum Robert Forster, Verna Bloom og Marianna Hill. -HK